

48

14. júní

2. gr.

Laganefnd skal skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og millipinganeftum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmd laga og annan undirbúning löggjafarmála.

3. gr.

Laganefnd skal gefa út safn af gildandi lögum landsins, í útgáfu, sem handhæg er fyrir almenning. Skal leggja áherzlu á að láta sem fullkomnastar og handhægastar efnisskrár fylgja útgáfunni.

Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minnsta kosti á 10 ára fresti, og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfinni.

4. gr.

Kostnaður við störf laganefndar og útgáfu lagasafns þess, er ræðir um í 3. gr., greiðist úr ríkissjóði. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

49

14. júní

L Ö G

um

stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Jarðirnar Ártún og Árbær í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur frá 1. janúar 1929 að telja.

2. gr.

49

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra^{14. júní} þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga, eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Mosfellshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á jörðum þeim, sem um ræðir í lögum þessum.

3. gr.

Reykjavíkurborg kaupstaður greiðir Mosfellshreppi í eitt skifti fyrir öll fimmtán þúsund krónur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

50

um

14. júní

innflutning og ræktun sauðnauta.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem því verður við komið, kaupa eða hlutast til um, að flutt verði til landsins nokkur sauðnaut til tilraunaræktunar.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur falið Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með sauðnautaræktinni, velja haglendi fyrir dýrin og semja um haggöngu og gæzlu þeirra.